

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Efni: Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028

Um umsagnaraðila

Athugasemdir þessar eru gerðar af börnum eigenda og ábúenda í Þórisholti. Undirritaður (Ívar) er búsettur í Þórisholti og starfar hjá Þórisholti ehf. Undirrituð hafa áætlanir um að nýta skipulagt frístundasvæði í landi Þórisholts sem ný veglína myndi liggja yfir. Undirrituð hafa því ríkra hagsmuna að gæta varðandi aðalskipulag sveitarfélagsins.

Athugasemdir við tillögu að breyttri legu þjóðvegjar 1 og drög að umhverfisskýrslu

Í drögum að umhverfisskýrslu er ekki fjallað um samfélagsleg áhrif veglínu á íbúa áhrifasvæðis, sem veglína fer yfir. Í gögnum aðalskipulags kemur hvergi fram hversu mikið ræktað land, mýrar og svæði á náttúrmynjaskrá fara undir nýtt vegstæði. Þar sem ný veglína er um 10 km og veghelgunarsvæðið 60 m eru þetta 60 ha lands sem teknir yrðu eignarnámi. Ekki er heldur minnst á að ný veglína liggur um yfir 20 bújarðir.

Á bls. 3 í umhverfisskýrslu segir: „Megin forsenda sveitarfélagsins fyrir færslu og staðsetningu Hringvegjarins er að með því verði hann greiðfær láglandisvegur í stað vegar um hættulegar brekkur og misvindasamt svæði. Auk þess sem vegurinn er færður út úr þéttbýlinu í Vík og styttist um 3 km.“ Undirrituð gera nokkrar athugasemdir við þessar fullyrðingar: Þegar talað er um greiðfæran láglandisveg er verið að ýja að því að núverandi vegur sé hálandisvegur. Hálandi er hugtak sem notað er um svæði sem eru í meira en 500 metra hæð yfir sjávarmáli. Vegurinn um Gatnabrún er í um 100 m hæð efst í Gatnabrún og fer mest í um 119 m ys. frá Gatnabrún að Vík. Engin gögn liggja að baki fullyrðingu um misvindasamt svæði þar sem núverandi Hringvegur liggur, engar athuganir liggja fyrir um hvort að ný veglína sé á misvindasömu svæði. Ný veglína austan Reynisfjalls liggur rétt sunnan íbúðabyggðar, barnaskóla og íþróttasvæðis, mun nær barnaskóla og íþróttasvæði en núverandi Hringvegur. Ný veglína fer einnig um þéttbýlið í Vík klýfur fjöruna, söluskála, veitingastað og iðnaðarhverfi frá byggðinni. Þeirri meginforsenda að vegurinn verði færður út úr þéttbýlinu í Vík virðist því ekki vera fylgt.

Varðandi öryggismál, í gögnum aðalskipulags er ekki fjallað um hvað gera skuli ef nýr þjóðvegur teppist vegna; Kötlugoss, sandfoks í Víkurfjöru, hrunhættu úr Hrapinu (austan megin gangnamunna) eða snjóflóðahættu (vestan megin gangnamunna). Þá þarf væntanlega að halda núverandi Hringvegi við og opnum með tilheyrandi kostnaði. Gert er mikið úr öryggismálum og hættu núverandi vegar en ekki fjallað um öryggismál nýrrar veglínu með tilliti til ofangreindra atriða, hér vantar samanburð.

Fjallað er um að e.t.v. muni vetrarumferð aukast með nýjum vegi. Lengd lokunar yfir vetrarmánuði 2005-2008 var rétt rúmlega sólarhringur. eru til nýrri gögn til að styðjast við? Fjallað er um að núverandi vegur sé farartálmi, hvernig er hægt að koma með slíkar fullyrðingar um veg sem er fær 364 daga ár ári? eru til tölur t.d. um hve oft þjóðvegur 1 lokast við Pétursey, til samanburðar? Umferðartölur í umhverfisskýrslu ná bara til 2008, liggja fyrir nýrri töluleg gögn um umferð og hve oft vegurinn um Gatnabrún og inn í Vík hefur verið ófær?

Ekki er fjallað um hagkvæmnissjónarmið nýrrar veglínu enda langsótt að þetta sé arðbær framkvæmd. Hverju á framkvæmdin að skila á móti því sem hún kostar? Þessi framkvæmd myndi hafa samfélagsleg áhrif, áhrif á landeigendur, akuryrkju og mikil umhverfisáhrif m.a. á fuglalíf og verdarsvæði. Þessi framkvæmd stýttir Hringveginn einungis um 1,9 km samkvæmt skýrslu Vegagerðarinnar (Veghönnunardeild frá nóvember 2008).

Í drögum að umhverfisskýrslu fá aðrir möguleikar á legu Þjóðveggar 1 mjög litla athygli, það er takmarkað fjallað um aðra kosti eða á aðeins einni blaðsíðu í skýrslunni (bls 18). Stefnumörkun er mjög einsleit og í ljósi mikilla hagsmuna er mikilvægt að öllum valkostum sé gert jafn hátt undir höfði, skýrslan uppfyllir ekki skilyrði um valkosti.

Við systkinin mótmælum hugmyndum að nýrri veglínu Þjóðveggar 1 og krefjumst þess að ný veglína verði tekin út af drögum að aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

21. nóvember 2011

Virðingarfyllst,

Íris Guðnadóttir kt. 210981-5199

Ívar Guðnason kt. 090588-2739